

Fundargerð 16. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 3. nóvember 2014

Mánudaginn 3. nóvember 2014 kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir. Í síma voru Páll Björgvin Guðmundsson og Gauti Jóhannesson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kosning gjaldkera og ritara

Páll Björgvin Guðmundsson er kjörinn gjaldkeri

Anna Lind Ragnarsdóttir er kjörin ritari.

2. Tilgangur og markmið samtakanna skv. stofnsamþykkt. Fara yfir það sem hefur áunnist

Formaður fór yfir tilgang og markmið samtakanna skv. stofnsamþykktinni og hvaða verkefnum hefur verið unnið að. Opnað á umræður um tilgang og markmiðin og hvort ástæða sé til að koma nýjum áherslum eða sjónarmiðum að.

Mikilvægt að koma á framfæri því sem jákvætt er í sjávarútvegi og sjávarútvegssveitarfélögum á Íslandi.

Sagt frá fræðsluverkefnum fyrir vinnuskóla í Fjarðabyggð og Grindavík.

Stjórn sammála um mikilvægi þess fyrir sjávarútvegssamfélög á Íslandi að kynnt sé hve fjölbreytt flóra starfa og möguleika er að finna í sjávarútvegi. Vettvangurinn er ekki bara í veiðum og vinnslu, heldur er vöxturinn mikill í öðrum verkefnum innan greinarinnar.

Fyrirséð er að frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram á næstu misserum.

Formaður leggur til að stjórn hitti stjórn nýrra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Samþykkt að fela Vali að koma á fundi með stjórn SFS.

3. Trillan - smáforrit um íslenskan sjávarútveg ætlað miðstigi í grunnskóla

Heiðdís Skarphéðinsdóttir frá Sjávarklasnum kynnti hugmynd að smáforriti um íslenskan sjávarútveg sem ætlað er miðstigi í grunnskóla.

Sjávarklasinn hefur fengið styrki frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og Rannsóknarsjóði Síldarútvegsins til þróunar verkefnisins og er að leita að frekari stuðningi.

Sjávarklasinn er í viðræðum við forritunarfyrirtæki um að koma forritinu í framkvæmd. Markmiðið er að koma forritinu í dreifingu á fyrsta ársfjórðungi ársins 2015.

Rætt um aðkomu Námsgagnastofnunar að gerð og rekstri fræðsluefnis sem þessa, en svo virðist sem lítið framboð sé af fræðsluefni um íslenskan sjávarútveg hjá stofnuninni. Ákveðið að formaður og starfsmaður hafi samband við Námsgagnastofnun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00
Fundargerð skráði RR.